

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 1134/2011****2014/EES/67/36****frá 9. nóvember 2011**

um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu sínídón-etýli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni⁽⁴⁾ og telst samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum 20. gr.,

- 4) Framkvæmdastjórnin fékk þó ekki neinar umsóknir vegna viðkomandi virks efnis og fresturinn til að leggja fram slíka umsókn er útrunninn, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 frá 7. desember 2010 þar sem mælt er fyrir um málsmeðferð við endurnýjun á færslu annars hóps virkra efna á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um að taka saman skrá yfir þessi efni⁽⁵⁾.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Virka efnið sínídón-etýl var skráð í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna⁽²⁾ á tímabili sem lýkur 30. september 2012.
- 2) Sú skráning var framlengd til 31. desember 2015, samkvæmt tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/77/ESB frá 10. nóvember 2010 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE að því er varðar dagsetningar er færsla tiltekinna virkra efna á skrá í I. viðauka fellur úr gildi⁽³⁾, til að gera umsækjendum kleift að undirbúa umsóknir sínar og til að gera framkvæmdastjórninni kleift að meta slíkar umsóknir og taka ákvarðanir um þær.
- 3) Í samræmi við 3. mgr. 78. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 var efnið skráð í A-hluta viðaukans við

- 5) Af þessum sökum ætti ekki að endurnýja samþykkið fyrir þessu virka efni og fella ætti það brott út úr A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 frá og með þeirri dagsetningu sem samþykkið fyrir því hefði runnið út hefði það ekki verið framlengt með tilskipun 2010/77/ESB.
- 6) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á framlagningu umsóknar fyrir þetta efni skv. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 292, 10.11.2011, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 204/2014 frá 30. september 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtuð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtuð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtuð. ESB L 293, 11.11.2010, bls. 48.

- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

⁽⁴⁾ Stjtuð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtuð. ESB L 322, 8.12.2010, bls. 10.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

3. gr.

1. gr.

Samþykki ekki endurnýjað

Samþykki fyrir virka efninu sínidón-etylí er ekki endurnýjað.

2. gr.

Frestir

Sérhver frestur sem aðildarríki veitir vegna plöntuverndarvæðna sem innihalda sínidón-etylí skal renna út eigi síðar en 31. mars 2013 vegna sölu og dreifingar og eigi síðar en 31. mars 2014 vegna förgunar, geymslu og notkunar á fyrirliggjandi birgðum.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. nóvember 2011.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
forseti.*

José Manuel BARROSO

VÍÐAUKI

Í stað 33. línu í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 komi eftirfarandi:

Númer	Almennt heiti, kenningarnúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki(¹)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértek ákvæði
„33	Síníón-etyl CAS-nr. 142891-20-1 CIPAC-nr. 598	(Z)-etyl 2-klór-3-[2-klór-5-(sýklóhex-1-en-1,2-difkarboxímíðó)fenýl]akrylát	940 g/kg	1. október 2002	30. september 2012	Einungis má leyfa að efnið sé notað sem illgresiseyðir. Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um síníón-etyl, einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra frá 19. apríl 2002. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin: – gefa sérstakan gaum að mögulegri mengun í grunnvatni þegar virka efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- (t.d. í jarðvegi með hlutlausu eða háu pH-gildi) og/eða loftslagsskilyrði, – gefa vernd lagarífvera sérstakan gaum. Í skilyrðum fyrir leyfi skulu vera ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.“

(¹) Frekari upplýsingar um aðkenni og forskrift fyrir virkum efnun er að finna í endurskoðunarskýrslunum.